

Alþingi
Erindi nr. P 135/1701
komudagur 7.3.2008



Nefndarsvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

5. mars 2008

Efni: Umsögn SVP um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 327.mál, EES-reglur, rafeindatækjaúrgangur

SVP-Samtök verslunar og þjónustu (SVP) hafa fjallað um ofangreint frumvarp og í aðdraganda þess fundað um málið með öðrum samtökum atvinnurekenda og fyrirtækja sem aðild eiga að þeim. Einnig hefur málið verið rætt í stjórn Úrvinnslusjóðs þar sem SVP eiga fulltrúa.

SVP hefðu kosið að þessi úrvinnsla hefði farið alfarið í sömu rás og annar úrgangur sem reynt er að draga úr og stýra í því sambandi í endurvinnslu og endurnýtingu í samræmi við skuldbindingar lýðveldisins í alþjóðasamstarfi í gegn um Úrvinnslusjóð. Þetta reyndist ekki fær leið og því er frumvarpið nú nokkur málamiðlun þeirra sjónarmiða að hafa úrvinnslukerfi rafeindatækja alveg sérstætt og hins vegar að nýta sérþekkingu og kerfi Úrvinnslusjóðs til að úrvinnslan verði með sem hagkvæmustum hætti.

Tekið er undir þann texta í umsögn SI, „að reynslan af framleiðendaábyrgð hingað til, t.d. hjá Úrvinnslusjóði, hefur kennt okkur að lagaramminn þarf að vera opinn til að hann standi ekki í vegi fyrir þróun í greininni. Reynslan hefur einnig kennt okkur að vel er hægt að reka kerfi byggt á framleiðendaábyrgð þar sem samningar eru gerðir milli aðila, án þess að ríkisvaldið setji fram nákvæma forskrift fyrir því hvernig þeir samningar skulu vera. Dæmi um slík kerfi eru Úrvinnslusjóður og Endurvinnslan.

Í frumvarpinu er ítrekað talað um „söfnunarstöðvar sveitarfélaga“. Gerð er athugasemd við þetta orðalag því úrgangi er safnað víða annars staðar en á þessa staði. Færst hefur í aukana að einkaaðilar reki söfnunarstöðvar og eðlilegt er að allar slíkar stöðvar standi jafnfætis gagnavart lögunum. Að auki er þróunin í þá átt að söfnun á flokkuðum úrgangi er ekki endilega bundin við söfnunarstöðvar, sem dæmi þá hefur heimasöfnun færst í aukana. Lagt er til að hugtakið „söfnunarstöð eða móttökustöð“ verði notað í staðinn, eða að talað verði um „söfnunaraðila“.

Í samræmi við framanritað ætti í 2. gr. a. (14. gr.) varðandi skyldur sveitarfélaga að nægja að nefna að sveitarfélög skuli sjá um að boðið sé upp á gjaldfrjálsa móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum eins og nánar er kveðið á um í reglugerð. Jafnframt sé þeim skylt að sjá til þess að hægt sé að skila öðrum raf- og rafeindatækjaúrgangi og sé þá heimilt að taka gjald til að standa undir kostnaði við móttöku og geymslu hans.

Í b. (15.gr.) er fjallað um ábyrgð framleiðenda og innflytjenda á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Ekki er gerð athugasemd við þennan texta en undirstrikað

að mikilvægt er ekki einungis að tryggja að tollfrjálsar verslanir falli undir þessa ábyrgð heldur þyrfti að íhuga hvernig sívaxandi beinn innflutningur einstaklinga á raf- og rafeindatækjum geti fallið undir þetta einnig. Slíkur innflutningur skekkir samkeppni við almenna verslun í landinu sem fellur undir ábyrgð á úrgangi raf- og rafeindatækja.

Í c. (16. gr.) er framleiðendum gert að upplýsa kaupanda um hvar heimilt sé að skila úrganginum. Hér er gengið lengra en tilskipun gerir ráð fyrir en þar segir í 10. gr. að gefa skuli upplýsingar um skilakerfi sem sé til boða. Lagt er til að nota orðalagið. „.....upplýsa um skilakerfi sem standa til boða,.....“. Nákvæmar staðsetningar söfnunarstaða geta breyst, sem og aðferðir við söfnun. Sem dæmi um útfærslu á framkvæmd gætu framleiðendur upplýst að skila megi úrganginum á söfnunarstöðvar fyrir úrgang og/eða í endurvinnslutunnur, ef sú væri raunin og slíkt stæði til boða.

Í e. (18. gr.) er heimild fyrir skilakerfi að skipta landinu á milli sín að höfðu samráði við Samband Íslenskra sveitarfélaga. Þetta ákvæði tryggir hagkvæmni söfnunar ef fleiri en eitt skilakerfi taka til starfa. Samtökin benda nefndinni á að tryggja að samkeppnissjónarmið standi ekki í vegi fyrir því að þetta sé gerlegt, enda yrði þetta framkvæmt í samráði við sveitarfélög.

Í f. (19. gr.) eru tilteknar skyldur stýrinesndar. Hér vísa SVP til umsagnar Úrvinnslusjóðs um greinina, en málið hefur verið rætt töluvert í stjórn sjóðsins. Þó má benda á að stafliðir a og b fjalla um sama atriði, þ.e.a.s. að halda skrá. Því mætti fella niður annan liðinn, t.d. b.

Í g. (20.gr.) um skráningarkerfi er í 2.mgr. fjallað um setningu reglugerðar um skráningarkerfið. Það er mjög brýnt varðandi umrædda reglugerð, og reyndar aðrar reglugerðir sem lögin gera ráð fyrir að settar verði eftir samþykkt laganna, að ekki verði dráttur á þessum reglugerðum. Þær eru forsenda þess að framkvæmd laganna takist skammlaust.

Í 22. gr. eru heimildir ráðherra til að setja reglugerðir. Þær skulu fara til umsagnar stýrinesnda, skilakerfa og sveitarfélaga. Þetta er ófullnægjandi og gæta þarf jafnræðis hagsmunaaðila. Því er mælt með því að allir þeir aðilar sem eiga fulltrúa í stýrinesnd fái þær jafnframt til umsagnar.

Tekið er undir texta í umsögn SI að: „Margar þessara reglugerða eru grunnurinn að vinnu stýrinesnda og skilakerfa. Afar mikilvægt er að þær verði tilbúnar hið fyrsta til að vinna þessara aðila geti farið í gang. Mikilvægt er að tímafrestrir taki tillit til þess hversu mikið er í raun óunnið frá löggjafans hendi.

Nokkur þeirra atriða sem talin eru upp í i. (22. gr.) g. og heimild er til að setja í reglugerð eiga betur heima í samningum milli aðila og lagt er til að þeir falli á brott, sbr. liðir a. og j. Ef ástæða þykir til að halda a. lið inni mætti hann snúast um fjölda flokka sem tekið er við, eða hversu ítarlega skal að lágmarki flokka úrgang sem skilað er til skilakerfa en eðlilegast væri að þetta atriði væri undir samningum komið. Þá ætti það einnig að eiga við um aðra móttökuaðila en sveitarfélög. Varðandi j. lið ættu fulltrúar skilakerfa, sveitarfélaga og annarra söfnunaraðila að vera fullfærir um að semja sín á milli um hvenær og hvernig þjónusta er veitt. Varðandi e. lið er lagt til að krafa á að seljandi eigi hlut í upplýsingagjöf komi fram í c. (16. gr.). „


Í 6.gr. eru tilgreindar dagsetningar varðandi annars vegar skráningu í skráningarkerfi (1.júní 2008) og hins vegar gildistöku ábyrgðar framleiðenda og innflytjenda á raf- og rafeindatækjum á úrvinnslu þess úrgangs sem af þeim hlýst skv. lögunum (1.nóvember 2008). Það er ljóst að þessar dagsetningar ganga einfaldlega ekki upp enda málið síðar á ferð en ætla mátti við samningu þess. Því

leggja SVÞ til að fyrri dagsetningunni verði frestað til 1.september 2008 og þeirri síðari til 1.janúar 2009. Þetta ætti að tryggja vandaða innleiðingu laganna.

Í 7. gr. er gerð breyting á skipan stjórnar Úrvinnslusjóðs með því að einn fulltrúi bætist í hana og komi frá Félagi íslenskra stórkaupmanna. Þessi breyting er góðra gjalda verð og ekki gerð athugasemd við hana. SVÞ undirstrika hins vegar að ýmsir fleiri, og þar á meðal sveitarfélögin vildu fjölga fulltrúum sínum þarna eða koma að manni. Þeim tilburðum er hafnað af SVÞ og áhersla lögð á framleiðendaábyrgðina sem sífellt verður þýðingarmeiri og leggur margvíslegar skyldur á innflytjendur, framleiðendur og dreifingaraðila. Vísað er til sambærilegrar umfangsábyrgðar í texta SI um þessa grein í umsögn um frumvarpið.

Það skiptir miklu í fámennu þjóðfélagi eins og Íslandi að miða allt skipulag við þann árangur sem ná á og leggja umfram annað áherslu á einfaldleika, gegnsæi og sem mesta hagkvæmni. SVÞ leggja fyrir sitt leyti áherslu á að málum sé skipað þannig að árangur sé metinn og borinn saman við markmið, en minna sé tiltekið um það leiðirnar til að ná þessum markmiðum. Það þarf þó að vera ljóst að þegar menn ákveða leiðirnar séu ákveðnar grunnreglur hafðar að leiðarljósi t.d. varðandi samstarf keppnauta o.s.frv. sem gætu stangast á við samkeppnislög. Það er mjög óheppilegt að inngrip samkeppniseftirlits eftirá trufla skilvirkar leiðir sem komið hefur verið upp og eru að skila árangri. Dæmi um slíkt er t.d. söfnun og úrvinnsla úrgangsolíu.

Virðingarfyllt,


Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri